

## Viðmiðunarreglur snjómoksturs í Dalvíkurbyggð

### **Snjómokstur og hálkueyðing.**

Markmið með snjómokstri og hálkueyðingu er að minnka þau óþægindi sem snjór og ís veldur einstaklingum, fyrirtækjum og skólahaldi.

Snjómokstur og hálkueyðing er stjórnað af tveimur aðilum í Dalvíkurbyggð, þ.e Eigna- og framkvæmdadeild og Vegagerðinni. Deildarstjóri eigna- og framkvæmdadeildar í umboði sviðsstjóra umhverfis- og tæknisviðs metur hverju sinni hvenær og hvernig snjómokstur er framkvæmdur. Sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs ber ábyrgð á snjómokstri í sveitarfélaginu.

### Utan þéttbýlis

Varðandi þjóðveginn á Árskógsströnd og í Svarfaðardal er Vegagerðin veghaldari og hefur sett reglur þar um sem sveitarfélagið tekur mismikinn þátt í en stjórn á framkvæmd er alfarið á vegum Vegagerðarinnar. Sjá samning.

- **Á vegi 805 01 frá Árgerði og fram að Hreiðarstaðaafleggjara** moka vegagerðin 5 sinnum í viku að fullu.
- **Á vegi 805 01 frá Skáldalæk fram að fram að Hreiðarstaðaafleggjara.** Vegagerðin moka að fullu 2 daga og helming 1 dag, ef moka þarf oftast verður sveitarfélagið að borga að fullu.
- **Á vegi 805 02 Svarfaðardalsvegur** er helmingamokstur 3 daga fram að Þorsteinsstöðum. **Dalvíkurbyggð moka að Hæringsstöðum, að Tungufelli og að Kotabré.**
- **Á vegi 807 01 Skíðadalsvegur** er helmingamokstur 3 daga fram að afleggjara í **Klængshól og Hnjúk.**
- Þátttaka sveitarfélagsins í mokstri heimreiða að lögbýlum er allt að ein kls, lögbýli greiða þó alltaf fyrstu kls moksturs og þann kostnað sem fer umfram tvo tíma. Senda skal reikning á Dalvíkurbyggð ásamt afriti af heildarreikningi.

Mokað er að Laugarhlíð og að Sundskála á sama tíma.

Vegur að Efstakoti og Sæbóli eru mokaðir samtímis og á Dalvík.

### Þéttbýli

Á þéttbýlisstöðum (Dalvík, Árskógssandi og Hauganesi) er mokað daglega, ef þurfa þykir að mati deildarstjóra.

Mokstur hefst á hafnarsvæðinu, síðan á þjóðveginum í gegnum bæinn, ef opið er til Ólafsfjarðar. Samtímis þessu er mokað frá aðstöðu slökkviliðs og sjúkrabíls.

Næsti áfangi er hringurinn Mímisvegur, Böggvisbraut, Karlsrauðatorg, Slökkvistöð, Dalbær og Heilsugæslan. Sjá nánar mynd af snjómokstursflokkum.

Plön við stofnanir er mokuð sér og er því verki oftast lokið fyrir kl. 7:00.

Plön við heimahús eru ekki mokuð á kostnað sveitarfélagsins.

Mokstur vegna öryrkja er aðeins framkvæmdur samkvæmt beiðni félagsþjónustunnar.

Ef keyra á úr götum er það gert samkvæmt ákvörðun eigna- og framkvæmdadeildar.

Reynt er að haga snjómokstri þannig að fyrst skal fara eftir öllum götum (stinga í gegn) áður en byrjað er að breikka slóðina.

Reynt er að lágmarka umferð snjómoksturstækja við skóla á mesta annatíma barna til og frá skóla.

Mokstur í íbúðargötum skal unnin á tímabilinu kl. 05-22

Dalvíkurbyggð greiðir ekki kostnað vegna snjómoksturs sem til hefur verið stofnað án hennar samþykkis að undanskildu, ef beiðni um mokstur kemur frá lögreglu, slökkviliði, lækni eða sjúkraflutningamönnum vegna neyðarflutninga, skal þá strax sinna því. Ofantöldum er heimilt að kalla út tæki án samþykkis eigna- og framkvæmdadeildar og er verktökum kunnugt um það.

**Hafa ber í huga að reglur þessar eru viðmiðunarreglur og ber að líta á þær sem slíkar. Fátt er jafn breytilegt og veðurfar og snjóalög.**

**Allar ábendingar eru vel þegnar og skulu tilkynnast deildarstjóra í síma 853-0220**

eða á [steinthor@dalvikurbyggd.is](mailto:steinthor@dalvikurbyggd.is)

**Viðmiðunarreglur þessar ber að endurskoða á hverju ári.**

**Samþykkt í Umhverfisráði Dalvíkurbyggðar 18.12.2020**

**Samþykkt í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar 19.01.2021**